

27. fundur

18. júní 2024

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags stjórnenda leikskóla**

27. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þriðjudaginn 18. júní árið 2024. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 11:30.

Fundinn sátu f.h. FSL, Sigurður Sigurjónsson (SS), og F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Haukur Þór Haraldsson (HÞH) Margrét Sigurðardóttir (MS) og Bjarni Ómar Haraldsson (BÓH) sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FL og FSL.

Lagt fram erindi í kjölfar árlegs samráðsfundar stjórnar Vísindasjóðs með samningsaðilum þar sem óskað er eftir staðfestingu samstarfsnefndar FSL og SNS á framkomnum tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd samþykkir neðangreindar tillögur um breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FL og FSL og að þær taki gildi frá og með 1. ágúst 2024:

Breytingar vegna E deildar, Einstaklingsbundins styrktarsjóðs:

Eftirfarandi orðalag undir 3. mgr. í grein 3.5. undir Úthlutunarreglur vegna E deildar - Einstaklingsbundinn styrktarsjóður fellur niður:

„Eingöngu er hægt að sækja um styrk vegna viðburða/námskeiða sem haldin eru og greitt er fyrir eftir 1. ágúst 2021. Styrkurinn endurnýjast árlega 1. ágúst ár hvert“

Við grein 3.5. undir Úthlutunarreglur vegna E deildar Einstaklingsbundinn styrktarsjóður bætist 4. mgr. sem hljóðar svo:

Styrkir vegna andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar eru greiddir út skv. yfirliti yfir útgjöld sem fyllt er út á Mínum síðum. Stjórn sjóðsins/starfsfólk sjóða kallar eftir kvittunum ef þarf.

Eftirfarandi setningu skal bætt við í grein 2.2.

Vinnuveitandi þarf að hafa greitt iðgjald í sjóðinn mánaðarlega í a.m.k. þrjá samfellda mánuði til þess að félagsmenn öðlist rétt til úthlutunar.

Eftir breytingu er grein 2.2. svohljóðandi:

Rétt til úthlutunar eiga félagsmenn sem greitt er fyrir í sjóðinn. Vinnuveitandi þarf að hafa greitt iðgjald í sjóðinn mánaðarlega í a.m.k. þrjá samfellda mánuði til þess að félagsmenn öðlist rétt til úthlutunar.

Heimilt er að sækja um styrk allt að 12 mánuði aftur í tímann frá upphafi styrkhæfs verkefnis að því gefnu að til kostnaðar hafi verið stofnað á meðan greitt var í sjóðinn, sbr. gr. 2.1. Öll tilskilin gögn þurfa að hafa borist innan þess tíma.

Eftirfarandi breyting er gerð á grein 3.1.5: orðið „heimili“ er tekið út og orðið „vinnustað“ er sett í staðinn.

Eftir breytingu er grein 3.1.5. svohljóðandi:

Hámarksstyrkur fyrir hópstyrk erlendis er 170.000 kr. fyrir ferð innan Evrópu en 190.000 kr. fyrir ferð utan Evrópu. Líða skulu a.m.k. 4 ár frá því styrkur er veittur þar til mögulega er hægt að sækja um aftur. Við bætist ferðastyrkur innanlands 15.000 kr. ef fjarlægð frá vinnustað er meiri en 100 km og 30.000 kr. ef fjarlægð frá vinnustað er meiri en 250 km frá flugvelli.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:00.